

# **Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga**



**Garðyrkja**  
**Júní 2019**

## Inngangur

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga hefur haldið fimm fundi um málefni garðyrkjunnar. Samráðshópurinn hefur fengið ítarlega kynningu á stöðu og áskorunum garðyrkjunnar. Hópurinn hefur fengið á sinn fund fulltrúa frá Sambandi garðyrkjubænda, Tollgæslunni og Samkeppniseftirlitinu. Þá var fjallað um framkvæmd á reglum um lífræna ræktun við fulltrúa MAST.

Í janúar sendi samráðshópurinn frá sér álit vegna breytinga á reglum um stuðning við raforkukaup. Auk þess kynnti samráðshópurinn sér nýlega skýrslu um raforkukostnað garðyrkjunnar.

Garðyrkja er ein af meginbúgreinum íslensk landbúnaðar. Framleiðsla afurða greinarinnar er um 10% af verðmæti búvöruframleiðslunnar. Samkvæmt yfirliti Hagstofu Íslands störfuðu 202 fyrirtæki í greininni árið 2017 sem veltu rúmum sex milljörðum króna, fyrir utan fyrirtæki á sviði sölu, dreifingar og úrvinnslu.

Árið 2002 var fyrst gerður búvörusamningur við garðyrkjuna, svonefndur aðlögunarsamningur. Hann hefur verið í gildi lítt breyttur síðan. Garðyrkju má í meginatriðum skipta í útirækt og innirækt. Samningurinn hefur frá upphafi takmarkast við inniræktun þ.e. annars vegar beingreiðslur vegna framleiðslu á gúrkum, tómötum og papriku og hins vegar niðurgreiðslur á flutningi og dreifingu raforku til sömu ræktunar og annarrar sem nýtir raflýsingu í gróðurhúsum. Útiræktun hefur engan beinan stuðning fengið að frátöldum óbeinum stuðningi sem felst í tollvernd á meðan að íslenska framleiðslan er á markaði. Með búvörusamningum 2017 fékk garðyrkjan einnig aðgang að jarðræktarstyrkjum skv. rammisamningi landbúnaðarins en þar er um takmarkaða fjármuni að ræða.

Helstu áskoranir við að efla og bæta starfsskilyrði garðyrkjunnar felast í að auka á ný hlutdeild innlendrar framleiðslu á markaði en hún hefur gefið verulega eftir á undanförunum árum.

Samantekt þessi er niðurstaða samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga. Hér á eftir fylgja tillögur samráðshópsins ásamt rökstuðningi.


<b>Efnisyfirlit</b>	
<b>Inngangur .....</b>	<b>2</b>
<b>Beingreiðslur.....</b>	<b>4</b>
<b>Fjölbreyttari framleiðsla .....</b>	<b>7</b>
<b>Útiræktað grænmeti.....</b>	<b>7</b>
<b>Raforkumál.....</b>	<b>8</b>
<b>Tollvernd .....</b>	<b>9</b>
<b>Umhverfismál og lýðheilsa.....</b>	<b>9</b>
<b>Rannsóknir, þróun og nýsköpun .....</b>	<b>10</b>
<b>Merkingar og upplýsingar til neytenda .....</b>	<b>11</b>
<b>Gagnagrunnur .....</b>	<b>11</b>
<b>Greining á þróun garðyrkjunnar .....</b>	<b>11</b>
<b>Viðauki.....</b>	<b>13</b>

## Beingreiðslur

Samráðshópurinn leggur til endurskoðun á því hvernig beingreiðslum er beitt. Lagt er til að beingreiðslur nái til allra tegunda sem ræktaðar eru hér á landi til manneldis enda er óeðlilegt að gera greinarmun á því hvaða grænmetistegund á í hlut.

Í kjölfar sammingsins árið 2002 voru teknar upp beingreiðslur á þrjár afurðir sem ræktaðar eru með raflýsingu í gróðurhúsum þ.e. tómatar, gúrkur og paprikur. Á móti var tollvernd þessara afurða felld niður. Fjárframlög til beingreiðslna í garðyrkju árið 2018 voru 281 m. kr. og skiptust niður á 29 handhafa eftir framleiddu magni. Samkvæmt fyrrgreindri reglugerð er 49% af heildarbeingreiðslum ráðstafað til framleiðslu á tómötum, 37% til framleiðslu á gúrkum og 14% til framleiðslu á paprikum.


Það vekur athygli að hlutdeild innlendarar framleiðslu á innanlandsmarkaði helstu garðyrkjuafurða hefur í tonnum talið fallið um 23% á tímabilinu 2010-2018, þ.e. úr 75% í 52% eins og sjá má á mynd 1. Þó hlutdeildin hafi sveiflast nokkuð innan tímabilsins hefur hún aldrei farið yfir þau 75% sem náðust 2010.




Mynd 1: Próun innlendarar grænmetisframleiðslu og innflutnings á á grænmeti 2007-2018.

Heimild: Samband garðyrkjubænda og Hagstofa Íslands


Markaðshlutdeild ræktenda tómata, gúrku og papriku á innanlandsmarkaði hefur þróast með mismunandi hætti eins og sjá má á myndum 2-4. Markaðurinn í öllum þessum afurðum hefur stækkað (á bilinu 21-29%) en aðeins í gúrkum hefur innlenda framleiðslan haldið sinni hlutdeild þar sem hún er ráðandi á markaði, ólíkt tómötum en þar hefur hlutdeild innlendu framleiðslunnar fallið verulega þ.e. úr 74% í 44%. Markaðshlutdeild íslenskrar framleiðslu á papriku hefur síðan fallið úr 14% í 11%.



Mynd 2: Þróun framleiðslu og innflutnings á tómötum 2007-2018.  
Heimild: Hagstofa Íslands og Samband garðyrkjubænda



Mynd 3: Þróun framleiðslu og innflutnings á gúrkum 2007-2018.  
Heimild: Hagstofa Íslands og Samband garðyrkjubænda



Mynd 4: Þróun framleiðslu og innflutnings á papriku 2007-2018.  
Heimild: Hagstofa Íslands og Samband garðyrkjubænda

Þróunin hefur verið eins í annarri grænmetisframleiðslu fyrir utan salat þar sem markaðshlutdeild íslenskrar salatframleiðslu hefur aukist. Sjá nánar töflu yfir framleiðslu og innflutning í viðauka.

Samráðshópurinn telur mikil sóknarfæri felast í aukinni grænmetisframleiðslu á Íslandi og leggur til auknar beingreiðslur til grænmetisræktunar. Efla þarf íslenska grænmetisframleiðslu og eru sterk rök fyrir því bæði út frá umhverfislegum ávinningi og markmiðum stjórnvalda í loftlagsmálum en ekki síður út frá lýðheilsusjónarmiðum.

Ef horft er til heildarútgjalda til matvælaframleiðslu er hlutdeild garðyrkjunnar ekki ýkja mikil. Mikilvægi bæði ylræktar og útiræktunar er þó óumdeilt og tryggja þarf að greinin eflist enn frekar.



Smátómatar eru stór og vaxandi hluti innlendrar tómataframleiðslu

## Fjölbreyttari framleiðsla

**Samráðshópurinn leggur til að ráðist verði í markvissar aðgerðir til efla ræktun á fleiri tegundum grænmetis og endurskoða flokkunarreglur.**

Í samtali við Samband garðyrkjubænda kom fram að mikil sóknarfæri eru fyrir aðrar tegundir en þær sem eru framleiddar í dag. Var í því samhengi nefnd hilluræktun (e. vertical farming), þörungarækt, baunarækt, aukin ræktun berja, auk framleiðslu afurða sem nýta má til iðnaðarframleiðslu.

Skýra þarf betur þær flokkunarreglur sem miðað er við þegar beingreiðslur eru afgreiddar. Sem dæmi má nefna að litlar gúrkur og litlar paprikur flokkast ekki sem tegundir sem hljóta beingreiðslur. Flokkunarreglurnar voru á sínum tíma gefnar út af Sambandi garðyrkjubænda en unnar í samstarfi greinarinnar í heild og því eðlilegt að beina því þangað. Það er svo á verksviði stjórnvalda og samtaka bænda að ramma inn hvaða afurðir falla undir beingreiðslur í hverri tegund.

## Útiræktað grænmeti

**Samráðshópurinn telur nauðsynlegt að ráðast í að efla og styrkja verulega rekstrarumhverfi útiræktaðs grænmetis. Hópurinn leggur til að greiðslur vegna útiræktunar til mannelis verði hækkaðar verulega og að gerð verði gangskör í skráningu og söfnum upplýsinga í sameiginlegan gagnagrunn.**

Undir útirækt fellur ræktun til mannelis sem fer fram utandyra meirihluta ræktunartímans, s.s. kartöflur, gulrófur, gulrætur, hvítkál, blómkál, sellerí, hluti berjaræktunar ofl.

Stuðningur við útiræktun er í formi jarðræktarstyrkja og skal þeim varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnnum, kornræktar og ræktunar annarra fóðurjurta sem og útiræktunar á grænmeti og kartöflum á landi sem umsækjanda er heimilt að nýta. Ekki er gerður neinn greinarmunur á því hvort ræktunin sé til fódurs eða mannelis. Hópurinn telur eðlilegt að ræktun á grænmeti, kartöflum, byggi eða öðrum afurðum til mannelis njóti hærri styrkja en önnur jarðrækt og að nauðsynlegt sé að styðja betur við þessa framleiðslu en nú er gert.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2018 voru framlög til jarðræktarstyrkja alls 380.055.688 kr. Árið 2018 voru greiddir út styrkir á 563 hektara ræktun til mannelis eða einungis 21,4 m. kr (m.v 37.946 kr/ha).



Útiræktun matjurta á Íslandi er ákaflega háð veðurfari og öðrum ytri aðstæðum

Hópurinn leggur til að samhliða auknum greiðslum til útiræktunar verði gerð krafa um uppskeru- og framleiðsluskráningu. Slík skráning skal vera miðlæg hjá Búnaðarstofu og vera grundvöllur að markvissum upplýsingum af stöðu birgða í landinu allan ársins hring.

## Raforkumál

**Samráðshópurinn leggur til að grunnur og fyrirkomulag gjaldskrár raforkudreifingar verði endurskoðaður með tilliti til kostnaðar við tenginu og það magn sem viðkomandi garðyrkjustöð kaupir. Markvisst verði unnið að því að sameina tekjumörk dreifbýlis og þéttbýlis og að dreifingarkostnaður taki að hluta mið af magni orkunnar sem keypt er. Endurskoðunin verði til að lágmarks tilfærslur þurfi til niðurgreiðslu.**

Garðyrkjustöðvar gera samninga um orkukaup og leita bestu verðtilboða. Niðurgreiðslur á flutningi raforku hafa verið til að jafna samkeppnisstöðu innlendra yræktar. Áður hafði samráðshópurinn með sérstöku álitum rætt um breytingar á reglum um niðurgreiðslur - og heimildir til að færa sig á milli gjaldflokka á orkuflutningi og heimildir til þátttöku í niðurgreiðslu á fastagjaldi á flutnings- og dreifingarkostnaði.

Raforkuflutningar eru verðlagðir með tekjumörkum til dreifiveitna sem Orkustofnun staðfestir. Sett eru tekjumörk fyrir dreifingu í þéttbýli og önnur í dreifbýli. Skilgreining á dreifbýli er að 200 íbúar búi í viðkomandi byggðakjarna. Það þarf að skerpa á skilgreiningunni á því hvað er dreifbýli og hvað er þéttbýli. Garðyrkjustöðvar eru staðsettar bæði í þéttbýli (samkvæmt framangreindri skilgreiningu) og dreifbýli. Þannig er aðstaða þeirra misjöfn. Markmið niðurgreiðslu á dreifikostnaði er m.a. til að jafna þann mun. Garðyrkjustöðvar eru stórnotendur á raforku og njóta þess ekki nema að hluta í tengi- og dreifikostnaði. Því er mikilvægt að gerð



verði grundvallarbreyting á tekjumörkum raforkudreifingar með tilliti til þess magns sem hver tenging flytur til notkunar.

Samráðshópurinn telur mikilvægt að stöðvarnar njóti hagkvæmni í dreifikostnaði rafmagns. Markmið um niðurgreiðslu á dreifikostnaði er að hann sé greiddur niður um 95%. Það markmið hefur sjaldan náðst. Samkvæmt fjárlögum og lögum um opinber fjármál er niðurgreiðslufjárhæðin föst stærð og getur ekki tekið breytingum eftir notkun eða eftirspurn eftir lýsingu. Sú staðreynd er grundvallaratriði fyrir rekstrarforsendur ylreктar og skapar óviðunandi aðstæður fyrir áætlanir um rekstur. Endurskoða þarf hvernig fyrirkomulag niðurgreiðslu á flutningi er framkvæmd til að skapa skýrari rekstrarforsendur og traustari áætlanagerð framleiðenda.

Nánar er vísað í tillögur starfshóps um raforkumálefni garðyrkjubænda sem skilað var til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í apríl 2019.

Til er mikið magn upplýsinga um nýtingu orku og kostnað. Orkustofnun hefur haldið vel utan um þau gögn. Mikilvægt er að tryggja varðveislu og nýtingu þeirra gagna. Framkvæmd niðurgreiðslu á dreifikostnaði hefur verið á hendi Orkustofnunar. Kostnaður við framkvæmd á niðurgreiðslu dreifikostnaðar er mjög hár. Til stendur að endurskoða framkvæmd hennar. Umsýslukostnaður verður að endurspegla raunverulegan kostnað við framkvæmd þannig að niðurgreiðslufjármagnið nýtist skynsamlega.

## **Tollvernd**

Samráðshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort horfið verði frá tollvernd á þeim tegundum sem njóta tollverndar a.m.k. ekki meðan framkvæmd hennar tryggir ekki að innlend framleiðsla geti staðið sterk gagnvart hlutdeild á markaði en tollvernd hefur rýrnað verulega að raungildi, þar sem fjárhæðir hafa ekki tekið verðlagsbreytingum. Hópurinn telur mikilvægt að skoða tollverndina og er því beint til ráðherra að láta greina þróun hennar, verðgildi og raunverulegt verðmæti. Áhugavert væri að greina áhrif af breytingum á tollaálagningu, þ.e. hvað hafi raunverulega gerst varðandi þær vörur sem báru áður tolla en eru nú án tolla. Bent er á að stuðningur geti allt eins falist í auknum beingreiðslum en samráðshópurinn tekur ekki afstöðu til þess.

Þá er eðlilegt að farið verði yfir tollflokkun garðyrkjuafurða og hún endurskoðuð eftir atvikum. Benda má á að þegar eru í gangi verkefni á þessum sviðum í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu eins og fram kemur í þingsályktunartillögu atvinnuveganefndar um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna sem liggur fyrir Alþingi. Hópurinn undirstrikar að þau verkefni sem þar snerta tollvernd nái líka yfir garðyrkjuafurðir.

## **Umhverfismál og lýðheilsa**

Samband garðyrkjubænda hefur látið vinna tvær skýrslur um kolefnisspor garðyrkjunnar. Sú fyrri sem unnin var af Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar ehf. (VJI) 2015, ber saman kolefnisspor innlendrar og innfluttrar framleiðslu. Í skýrslunni er horft á eftirfarandi garðyrkjuafurðir: tómata, gúrkur, kartöflur, salat, annað útiræktað grænmeti, afskorin blóm og runna. Niðurstaðan sýnir að innlend framleiðsla hefur mun minna kolefnisspor en sú innflutta, misjafnt þó eftir tegundum. Niðurstöður skýrslu sem unnin var af Environice og kom út 2018 benda til þess að hlutdeild garðyrkjunnar í kolefnisspori matvælaframleiðslunnar sé varla meiri en um það bil 1%. Félagar í Sambandi garðyrkjubænda hafa aðgang að reiknilíkani unnið af

Environice, en þar getur hver og einn garðyrkjubóndi skoðað sinn rekstur og stillt upp lykildreytum í því skyni að skoða kolefnisfótspor og finna hvaða leiðir eru færar í því að draga úr því. Í skýrslunni er einnig bent á leiðir sem hægt er að fara til að kolefnisjafna framleiðsluna svo sem með skógrækt og endurheimt votlendis.

Samráðshópurinn telur að það felist mikil tækifæri í framleiðslu á grænmeti hér á landi hvort sem um ræðir inni- eða útirækt. Mikil vitundarvakning hefur verið um umhverfismál, ekki síst skaðleg áhrif loftlagsbreytinga en einnig um þau neikvæðu umhverfisáhrif sem matvælaframleiðsla hefur í heiminum. Er þá m.a. horft til land- og skógeyðingar, vatnsnotkunar, áburðar- og varnarefnanotkunar og flutnings matvæla milli landa og jafnvel heimsálfa. Þá liggur fyrir að meiri neysla úr jurtaríkinu spornar gegn hlýnun jarðar. Það er skoðun hópsins að auka eigi framleiðslu á íslensku grænmeti enda sé það í samræmi við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Aukin neysla grænmetis er einnig mikilvæg út frá lýðheilsusjónarmiðum sbr. ráðleggingar Landlæknisembættisins.

## **Rannsóknir, þróun og nýsköpun**

**Samráðshópurinn leggur til að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun í greininni sem miða að því að auka framleiðni og verðmætasköpun.**

Grunnur að vöruþróun og nýsköpun í garðyrkju eru framleiðendur sjálfir. Nauðsynlegt er að hlúa að menntun garðyrkjubænda og starfsumgjörð þeirra sem starfa í greininni. Efla þarf stuðning við þróun á sviði tækni til aukinnar framleiðni og lengingu ræktunartíma og mótvægi gegn áföllum af völdum tíðarfars.

Bæta þarf nýtingu á vörum sem ekki flokkast í 1. gæðaflokk eða „útlitsgallaðar“ afurðir. Bætt nýting dregur úr matarsóun og er í samræmi við umhverfissjónarmið. Aukin tækifæri eru fyrir „útlitsgallaðar“ vörur og má þar nefna Matartímamann, nýja markaði eins og bændamarkaði og milliliðalaus viðskipti milli neytenda og framleiðenda (REKO).

Á fundum hópsins kom fram að ákveðin stöðnun hefur átt sér stað í greininni. Það er mikilvægt að setja aukinn kraft í þróun fyrir greinina og hvetja til nýsköpunar. Þá þarf að tryggja aðgengi að markaði fyrir þessar vörur. Ræddar voru leiðir eins og upphitun garðlanda, notkun vökvunarkerfa, varnir gegn sjúkdómum og „óværu“. Geymslu og tækni við geymslu grænmetis. Samráðshópurinn ræddi einnig um umbúðir og plastnotkun og var sammála um mikilvægi þess að þróa umhverfisvænni umbúðir og stuðla að minni plastnotkun í greininni.

Fram kom á fundum hópsins að styrkja mætti vægi landbúnaðar í atvinnuþróunarsjóðum. Þessi liður helst væntanlega í hendur við endurskoðun á lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem fyrirhugað er skv. rammisamningi. Brýnt er að garðyrkjubændur geti sótt um styrki til kaupa á búnaði en ekki eingöngu styrki til ráðgjafar.

## Merkingar og upplýsingar til neytenda

Það er skoðun hópsins að auka þurfi fræðslu um merkingar og aðhald til framleiðenda og seljenda og efla eftirlit með villandi merkingum. Sölufélag garðyrkjumanna stofnsetti og starfrækir sérstakt upprunamerki, fánaröndina, sem er þekkt vörumerki. Mikilvægt er að neytendur geti treyst merkingum og öðrum upplýsingum um matvæli. Einnig þarf að þróa merkingar svo neytendur fái betri upplýsingar um fleiri þætti s.s. kolefnisfótspor, notkun varnarefna / sýklalyfja o.fl.

Vísað er til samráðshóps um betri merkingar matvæla sem nú er að störfum en hlutverk hópsins er að skipuleggja og hafa umsjón með átaksverkefni um bættar merkingar á matvælum og hvernig betur megi tryggja þann rétt neytenda til upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif þeirra. Mikilvægt er að þau verkefni sem þar er fjallað um nái líka yfir garðyrkjuafurðir.

## Gagnagrunnur

Það er ekki til sameiginlegur gagnagrunnur sem heldur utan um framleiðslu garðyrkjunnar á Íslandi og er því skortur á áreiðanlegum upplýsingum um framleiðslu og birgðir garðyrkjunnar. Það er gríðarlega mikilvægt að hafa yfirsýn yfir framleiðslu og birgðir í landinu og sameiginlegur gagnagrunnur myndi auka gangsaði sem er öllum til bóta, ekki síst þegar kemur að innflutningi á grænmeti. Skráningar í slíkan gagnagrunn gæti haldist í hendur við aukinn stuðning við garðyrkjuna. Mikilvægt er að vinna að nánari útfærslu á slíkum gagnagrunni.

## Greining á þróun garðyrkjunnar

**Samráðshópurinn beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að láta greina af hverju innanlandsframleiðslan hefur ekki náð að halda sinni markaðshlutdeild og hvernig íslensk garðyrkja getur styrkt stöðu sína gagnvart auknum innflutningi.**

Gögn um markaðshlutdeild grænmetis sem fjallað hefur verið um í skýrslunni og í viðauka byggja á gögnum Sambands garðyrkjubænda og Hagstofunnar og innihalda helstu tegundir gróðurhúsa- og útiræktunar til manneldis, en ekki eru til gögn um ýmsa aðra ræktun sem einnig er í harðri samkeppni við innflutning svo sem jarðarber, kryddjurtir, afskorin blóm, pottablóm og garðplöntur. Í sumum framleiðslutegundum eru framleiðendur það fáir og eða markaðsráðandi að tölur um framleiðslu hafa ekki verið birtar eða átælaðar. Það sem talið er með og ræktað er innandyra eru tómatar, gúrkur, paprika, salat og sveppir, en í útiræktun eru taldar með kartöflur, gulrófur, gulrætur, hvítkál, blómkál, kínakál og spergilkál. Um garðplöntu- og blómaframleiðslu hefur ekki verið safnað upplýsingum skipulega, utan þeirra greininga sem Hagstofan hefur nú unnið um afkomu upp úr skattframtölum út frá ISAT atvinnugreinaflokkun. Sú flokkun er þó því miður mjög brotarkennd og skörun milli skilgreininga veldur ónákvæmni, ekki síst þegar viðkomandi rekstareining stundar blandaða starfsemi, þ.e. starfsemi í fleiri en einum ISAT flokki.

Eins og fram hefur komið hafa aðeins gúrkur og salat aukið markaðshlutdeild sína á tímabilinu 2010-2018. Í öllum öðrum tegundum hefur hlutdeildin fallið, minnst í gulrófum um 10 prósentustig, en mest í hvítkáli um 38 prósentustig. Sjá nánar töflu yfir framleiðslu og innflutning í viðauka. Fyrirliggjandi upplýsingar um þróun á magni garðyrkjuframleiðslu og hlutdeildar innlendrar framleiðslu á markaði benda því til þess að innlend framleiðsla standi nokkuð höllum fæti. Nauðsynlegt er að greina þá stöðu betur og orsakir þess að framleiðslan virðist ekki hafa vaxið í samræmi við aukna eftirspurn.

Vænta má þess að eftirspurn eftir innlendum garðyrkjuafurðum muni áfram aukast, veldur þar aukinn íbúafjöldi, aukinn fjöldi ferðafólks, þrátt fyrir tímabundinn samdrátt, og áherslur á heilbrigð matvæli, loftlags- og umhverfismál. Vilji virðist vera til þess að nýta sem best þær vörur sem framleiddar eru í nærumhverfi í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem skapast m.a. vegna flutninga.

Mikilvægt er að gengið verði til þess að framfylgja ákvæðum greinar 2.3 í rammisamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins fyrir árin 2017-2026 og taka saman þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru sem grundvöllur til ákvarðanatöku og stefnumörkunar í garðyrkju og raunar í landbúnaði almennt. Söfnun, varðveisla og miðlun framangreindra upplýsinga getur einvörðungu verið á hendi opinberra aðila, þar sem frjáls félagasamtök á borð við Bændasamtök Íslands og Samband garðyrkjubænda hafa takmarkað aðgengi að upplýsingum og takmarkaðar heimildir til meðferðar þeirra, m.a. af samkeppnis- og persónuverndarsjónarmiðum.

# Viðauki

Próun innlendrar framleiðslu og innflutnings á grænmeti 2010-2018.

Grænmeti - innlend framleiðsla og innflutningur 2010 - 2018																		
	2010		2011		2012		2013		2014		2015		2016		2017		2018	
	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%
Tómatar-ísl.	1.652.000	74%	1.605.000	70%	1.716.000	79%	1.560.000	67%	1.516.000	64%	1.347.000	55%	1.436.000	54%	1.334.000	49%	1.213.000	44%
Tómatar-innfl.	583.384	26%	678.301	30%	445.535	21%	779.490	33%	869.859	36%	1.097.192	45%	1.204.551	46%	1.371.907	51%	1.548.633	56%
Gúrkur-ísl.	1.458.000	91%	1.582.000	95%	1.673.000	98%	1.781.000	99%	1.807.000	99%	1.826.000	100%	1.868.000	100%	1.857.000	95%	1.927.000	99%
Gúrkur-innfl.	145.911	9%	91.027	5%	35.755	2%	25.338	1%	11.406	1%	7.422	0%	8.466	0%	103.028	5%	21.529	1%
Paprika-ísl.	186.731	14%	229.428	16%	261.000	17%	243.000	16%	223.000	14%	215.000	14%	190.000	11%	191.000	12%	181.000	11%
Paprika-innfl.	1.145.374	86%	1.211.493	84%	1.248.787	85%	1.294.668	84%	1.326.103	86%	1.368.580	86%	1.483.947	89%	1.469.329	88%	1.542.304	89%
Blómkál-ísl.	114.220	30%	105.400	30%	136.000	34%	51.000	14%	44.000	11%	50.000	14%	60.000	14%	55.000	12%	47.000	9%
Blómkál-innfl.	261.367	70%	251.455	70%	269.613	66%	308.935	86%	349.065	89%	318.067	86%	365.017	86%	413.949	88%	488.026	91%
Gulrætur-ísl.	612.372	53%	744.872	61%	682.000	55%	360.000	33%	780.000	49%	550.000	44%	778.000	49%	750.000	49%	520.000	35%
Gulrætur-innfl.	543.301	47%	484.143	39%	552.625	45%	739.143	67%	801.519	51%	701.907	56%	794.550	51%	765.943	51%	982.531	65%
Hvítkál-ísl.	424.795	58%	449.317	57%	408.000	57%	158.000	31%	135.000	23%	160.000	25%	143.000	23%	276.000	39%	154.000	20%
Hvítkál-innfl.	311.182	42%	338.264	43%	308.348	43%	343.884	69%	448.768	77%	485.080	75%	483.912	77%	431.764	61%	628.596	80%
Kínakál-ísl.	164.423	49%	185.185	59%	196.000	65%	71.000	40%	84.000	46%	75.000	43%	41.000	22%	50.000	28%	37.000	20%
Kínakál-innfl.	169.088	51%	127.321	41%	106.693	35%	104.994	60%	97.854	54%	98.142	57%	148.827	78%	126.941	72%	144.333	80%
Spergilkál-ísl.	108.483	35%	85.383	25%	129.183	37%	49.000	15%	50.000	14%	70.000	17%	70.000	16%	68.000	16%	45.000	8%
Spergilkál-innfl.	199.994	65%	251.455	75%	222.381	63%	288.717	85%	304.572	86%	337.323	83%	365.051	84%	349.281	84%	486.832	92%
Gulrófur-ísl.	833.000	98%	759.000	99%	1.265.000	94%	670.000	100%	1.070.000	84%	1.200.000	95%	938.000	97%	930.000	97%	540.000	87%
Gulrófur-innfl.	21.142	2%	6.727	1%	87.519	6%	76	0%	207.101	16%	68.162	5%	32.000	3%	27.135	3%	77.421	13%
Salat-ísl.	99.995	7%	107.698	7%	161.414	10%	269.000	18%	309.000	18%	335.000	20%	384.000	22%	370.000	22%	403.000	23%
Salat-innfl.	1.404.206	93%	1.437.085	93%	1.449.530	90%	1.206.320	82%	1.378.537	82%	1.352.987	80%	1.328.873	78%	1.309.359	78%	1.313.368	77%
Kartöflur-ísl.	12.460.000	90%	7.222.000	91%	9.700.000	84%	6.000.000	82%	8.260.000	76%	9.050.000	87%	9.930.000	92%	9.000.000	84%	6.020.000	66%
Kartöflur-innfl.	1.461.488	10%	749.232	9%	1.847.770	16%	1.290.545	18%	2.538.870	24%	1.350.166	13%	812.410	8%	1.680.710	16%	3.160.659	34%
Sveppir-ísl.	579.121	94%	583.473	93%	575.000	89%	585.000	88%	602.000	90%	550.000	76%	585.000	72%	580.000	70%	580.000	66%
Sveppir-innfl.	36.706	6%	44.932	7%	72.608	11%	82.171	12%	63.679	10%	175.704	24%	230.829	28%	244.947	30%	300.691	34%
Heildarmagn	24.976.283		19.330.191		23.549.761		18.261.281		23.277.333		22.788.732		23.681.433		23.755.293		22.361.923	
Íslensk framl.	75%		71%		72%		65%		64%		68%		69%		65%		52%	

Magn í kg.

Heimild: Hagstofa Íslands

Heimild: Samband garðyrkjubænda og Hagstofa Íslands